

# Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

1944 nr. 33 17. júní

- 72. gr. [Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema **almenningsþörf** krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.
- Með lögum má takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi.]<sup>1)</sup>

## Lög um mannréttindasáttmála Evrópu

1994 nr. 62 19. maí

- 1. gr. [Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi, en með honum er átt við ákvæði eftirfarandi samninga:

### Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“).

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

- 1. gr. [Friðhelgi eignarréttar.]<sup>1)</sup>

Öllum mönnum og lögaðilum **ber réttur til að njóta eigna sinna í friði**. Skal engan svipta eign sinni, nema **hagur almennings** þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við **hag almennings** eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

<sup>1)</sup>Samningsviðauki nr. 11, 2. gr.